

**Til:**

Norrænu ráðherranefndarinnar og formennskulandsins Íslands

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra Íslands

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra og ráðherra norrænnar samvinnu, Íslandi

Karen Ellemann, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar

**Frá:**

Stjórn Norræna verkalýðssambandsins (NFS)

## **Yfirlýsing stjórnar NFS á fundi hennar í Helsinki 19. apríl 2023**

Við þökkum formennskulandinu Íslandi og Norrænu ráðherranefndinni fyrir mikilvægt frumkvæði ykkar að þríhliða samtali aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um græn og réttlát umskipti.

Við teljum að við á Norðurlöndum getum lagt okkar af mörkum í baráttunni gegn loftslagsbreytingum, ekki aðeins í heimalöndum okkar heldur einnig svæðisbundið, á Norðurlöndum, í Evrópu og um heim allan.

Í huga okkar í norrænu verkalýðshreyfingunni fela réttlát umskipti („Just Transition“ eins og þau eru nefnd í Parísarsamkomulaginu) í sér að stefna í loftslagsmálum falli að norræna líkaninu með sterkri stöðu meðal annars velferðar og vinnumarkaðar þar sem kjarasamningar gilda. Loftslagsstefnan leiðir til breytinga á framleiðslu- og neyslumynstrum sem aftur knýja fram skipulagsbreytingar á hagkerfum og vinnumarkaði í löndunum. Því skiptir sköpum að aðilar vinnumarkaðarins eigi hlutdeild í þessu ferli. Kjarasamningar á Norðurlöndum stuðla einnig að grænum og réttlátum umskiptum þar sem samráð aðila vinnumarkaðarins nær yfir umskipti og knýr fram breytingar.

Norræna vinnumarkaðslíkanið einkennist af góðu samráði og rétti starfsfólks til að taka þátt í ákvörðunum, sem teljast verður lykillinn að lýðræðislegri kjölfestu um leið og það stuðlar að því að hlustað sé á hugmyndir starfsfólks varðandi græn umskipti. Því verður að efla atvinnulýðræði, samráð og samtal, meðal annars með því að miðla þekkingu og bestu starfsvenjum. Lærum hvert af öðru og verum öðrum löndum hvatning, í Evrópu og víðar um heim.

Frá því sjónarhorni fögnum við frumkvæði Íslendinga. Við munum leggja okkar af mörkum til að það megi takast. Samanlagt erum við í NFS í forsvari fyrir meira en 8,5 milljónir launafólks í öllum samfélagsgeirum. Við hyggjumst taka fullan þátt og væntum þess að ríkisstjórnirnar í

Norrænu ráðherranefndinni og atvinnurekendur úr öllum samfélagsgeirum geri slíkt hið sama.

Loftslagsmál og réttlát umskipti eru málefni sem hafa augljósa skírskotun til framtíðar. Fyrir börn og ungt fólk á okkar tímum snúast þau ekki aðeins um framtíðarhorfur á vinnumarkaði heldur einnig jörðina sem við búum á. Því kalli ber okkur sem störfum að vinnumarkaðsmálum að hlýða. Við getum og við eigum að beita okkur fyrir nauðsynlegum umskiptum þar sem engin verða út undan. Norræna líkanið veitir okkur réttar forsendur til þessa.

Við teljum brýnt að samtalið á Íslandi verði í raun þríhliða samtali stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins og fari fram á jafnræðisgrundvelli. Enn fremur að fundinum stjórnari aðili eða aðilar með reynslu af loftslags- og vinnumarkaðsmálum, sem vita hvernig samráð milli aðila vinnumarkaðarins gengur fyrir sig á Norðurlöndum.

Þá er mikilvægt að þríhliða samtali stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins skili raunhæfum árangri sem markar leiðina í þeim umskiptum sem við stöndum frammi fyrir. Það á að skilgreina hlutverk aðilanna, skuldbindingar þeirra og verkfæri í samræmi við norræna hefð. Fundurinn á að leiða af sér stefnu sem komandi formennskulönd ráðherranefndarinnar fylgi eftir, einnig í löndunum.

Við sjáum fyrir okkur skuldbindandi yfirlýsingu sem undirrituð verði af stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins á Norðurlöndum. Yfirlýsing sem þessi mun styrkja framtíðarsýn norrænu forsætisráðherranna um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims eigi síðar en 2030.

Yfirlýsing og einnig þríhliða samtali á Íslandi milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins skulu innihalda eftirfarandi fimm atriði:

- Umskipti og skipulagsbreytingar á hagkerfum. Þetta sjónarhorn snýst um loftslagsmál en einnig mengun og líffræðilega fjölbreytni; rétt eins og rafvæðingu, orkuöryggi, samkeppnisfærni og atvinnuþátttöku.
- Félaglegt samráð aðila vinnumarkaðarins og mikilvægi norræna vinnumarkaðslíkansins fyrir áhrifarík og farsæl umskipti sem fela í sér félagslega og umhverfislega sjálfbærar skipulagsbreytingar á Norðurlöndum.
- Að menntun, símenntun, velferð og félaglegt öryggisnet eru forsendan fyrir því að færni fólks rími við þær áskoranir sem bíða okkar. Þetta kallar á fræðslutilboð með tryggu fjármagni og að kerfin okkar tryggi öryggi sem nær til þeirra sem kunna að standa höllum fæti á vinnumarkaði.
- Græn umskipti verða að byggjast á þekkingu og stuðla að betra og inngildandi samfélagi. Þetta þýðir að þörf er á frekari þekkingu og rannsóknum á áhrifum umskipta á vinnumarkaði og svo til öllum geirum hans, enn fremur á því hvernig

samfélagsskipulag sem byggt er á þekkingu getur stuðlað að þjóðfélagi jafnréttis og jöfnuðar og góðum lífskjörum í þéttbýli og dreifbýli.

- Jafnréttissjónarmið eru norrænt aðalsmerki og ekki síður mikilvæg þegar rætt er um réttlát græn umskipti en í öllu öðru samhengi. Græna iðnbyltingin og umskiptin njóta góðs af víðtæku jafnréttissjónarhorni.

Við fögnum því að fá tækifæri ásamt atvinnurekendum og stjórnvöldum á Norðurlöndum til að hefja farsælt þríliða samtal okkar á milli um græn og réttlát umskipti á Norðurlöndum með stuðningi æðstu ráðamanna.

*Með góðri kveðju,*

Lizette Risgaard, formaður FH, Danmörku.  
Lisbeth Lintz, formaður Akademikerne, Danmörku.

Jarkko Eloranta, formaður SAK, Finnlandi.  
Antti Palola, formaður STTK, Finnlandi.

Sonja Jógvansdóttir, formaður SAMTAK, Færeyjum.

Jess G. Berthelsen, formaður SIK, Grænlandi.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, forseti ASÍ, Íslandi og forseti NFS.

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, Íslandi.

Friðrik Jónsson, formaður BHM, Íslandi.

Peggy Hessen Følsvik, formaður LO, Noregi.

Ragnhild Lied, formaður Unio, Noregi.

Hans-Erik Skjæggerud, formaður YS, Noregi.

Susanna Gideonsson, formaður LO, Svíþjóð.

Therese Svanström, formaður TCO, Svíþjóð og varaforseti NFS.

Göran Arrius, formaður Saco, Svíþjóð.

Magnus Gissler, framkvæmdastjóri NFS.

